

Borgarstjórn
28. febrúar 2017

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um árlegan styrk til ungmennaráða í Reykjavík

Lagt er til að skóla- og frístundasvið Reykjavíkur úthluti árlegum styrk frá og með næsta fjárhagsári til allra ungmennaráða sem nýtist ungmennum á einn eða annan hátt í viðkomandi hverfi.

Greinargerð:

Með því að fá fast fjármagn eykst valdefling ráðanna, þau losna við óþarfa milliliði og minnka verkefnastopp þegar er beðið eftir styrkjum fyrir ákveðin verkefni, viðburði eða námskeið. Í löndum sem við berum okkur oft saman við, Svíþjóð og Finnlandi til dæmis, fá ungmennaráð árlegan styrk frá sveitarfélögum og ríkinu. Það er mjög mikilvægt fyrir ungmenntu að finna að þau geti haft áhrif á nærumhverfi sitt og að þau finni að þeim sé treyst í að framkvæma með hag ungmenna að leiðarljósi. Það má líta á þessa úthlutun fjármagns sem verkefnasjóð ungmenna sem væri hægt að endurskoða árlega með tilliti til nýtingar og áhrifa hans.